

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, mánudaginn 6. febrúar 2022 og hófst kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir, Jóhann R. Kristjánsson, Luciano Dutra og Steinunn Stefánsdóttir. Anna Sigríður Þráinsdóttir boðaði forföll. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1) Málþing í maí

Áætlað er að halda málþing föstudag 5. maí um sambýli íslensku og ensku. Rætt var um hugsanleg efni og fyrirlesara á málþinginu.

2) Málræktarþing

Gert er ráð fyrir að halda málræktarþing fimmtudaginn 28. september. Samkvæmt stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2020–2024 er megináhersla í starfi nefndarinnar árið 2023 fjölmenningsarsamfélagið og munu erindi málræktarþingsins fjalla um það málefni. Rætt var um hugsanlega fyrirlesara.

3) Ályktun um stöðu íslenskrar tungu

Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2023 mun einnig fjalla um fjölmenningsarsamfélagið. Formaður vinnur fyrstu drög að ályktuninni og kynnir þau á stjórnarfundum í apríl en reynt verður að ganga frá þeim í vor.

4) Önnur mál

a. Play

Ábending barst um að engar upplýsingar væru á íslensku um öryggismál hjá íslenska flugfélaginu Play. Ákveðið var að rita flugfélaginu bréf og benda á lög um stöðu íslenskrar tungu.

b. Skilmálar á ensku

Ábending barst um að þeir sem sækja um atvinnu hjá Reykjavíkurborg þurfi að samþykka skilmála á ensku (50 skills). Um er að ræða texta upp á fjórar blaðsíður. Ákveðið var að senda Reykjavíkurborg bréf og benda á að hafa umræddan texta á íslensku.

c. Fernuflug

MS hefur ákveðið að hefja nýtt fernuflug með íslenskutengdu efni. Verkefnið er í undirbúningi.

d. Efnil

Ráðstefna Efnil verður haldin 11.–13. október í Ljubljana í Slóveníu. Þema ráðstefnunnar í ár er *By the People, for the People: Online Dictionaries, Language Portals, and the Role of Language Users*.

e. Nýr vefur fyrir Íslenska málnefnd

Ritari kynnti nýjan vef sem er í vinnslu fyrir Íslenska málnefnd.

f. ECSPM declaration for multilingualism in higher education

Skjalið *ECSPM declaration for multilingualism in higher education* hefur verið þýtt á íslensku. Jóhann R. Kristjánsson, fulltrúi í Íslenskri málnefnd, sá um þýðinguna.

g. Fjármál ÍM

Fjárveiting til ÍM fyrir síðasta ár hefur borist en ekki fjárveitingin fyrir árið 2023. Reiknað er með sömu upphæð.

h. Málfrægnir

Rætt var um *Málfrægnir*, vefrit ÍM, og hvort þar ætti einnig að birta ritrýndar greinar.

i. Nordterm 2023

Netverk norrænu málnefndanna og norrænu íðorðasamtökin Nordterm standa sameiginlega að ráðstefnunni Nordterm 2023 sem haldin verður í Stokkhólmi 14.–15. Júní.

Fleira gerðist ekki; fundið slitið kl. 18.05

Árman Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.